

Stolt Sea Farm  
Vitabraut 7  
233 Reykjanesbæ

Reykjavík, 16. mars 2020  
UST201901-281/H.S.J.  
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit, 04.12. 2019, hjá Stolt Sea Farm.**

Pann 4. desember sl. fór fram eftirlit í Stolt Sea Farm, Reykjanesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.


**Fimm ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en fjögur frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 2000 tonn á ári af senegalflúru til manneldis og gildir leyfið til eldis á seiðum og áframeldis. Auk senegal flúru elur rekstraraðili styrju.
2. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Grænu bókahaldi og útstremisbókhaldi var skilað eftir 1. maí og samlegð þeirra uppfyllti ekki kröfur gr. 3.4. Sjá nánar undir umfangi eftirlits. **Uppfærðum gögnum var skilað og frávakinu telst því lokið.**
3. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal færa grænt bókhald og skila til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. Grænt bókhald ársins 2018 barst ekki fyrir 1. maí. **Rekstraraðili skilaði grænu bókhaldi 13. maí 2019 og frávakinu telst því lokið.**
4. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal færa útstremisbókhald og skila til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. Útstremisbókhaldi vegna ársins 2018 var ekki skilað fyrir 1. maí sl. **Rekstraraðili skilaði útstremisbókhaldi 21. maí 2019 og frávakinu telst því lokið.**

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 8. apríl, 2020.

Virðingarfyllst

  
Hulda S. Jónasdóttir  
sérfræðingur

  
Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurnesja

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

**Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti**

Nafn rekstraraðila:	Dags eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Brottfallinn starfsleyfisflokkur:
Stolt Sea Farm Holdings Iceland hf.	04.12.19	Vitabraut Reykjanesi	3
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhent:	Gerð stöðvar:
610911-0480	01.07.2024	Já	2000 tonn senegalflúra til manneldis

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?		X		388 tonn á árinu 2018 og árinu 2019 377 tonn. Afföll voru undir 30 tonnum bæði árin. Í stöðinni er ker með styrju í tilraunaeldi sem er ekki í samræmi við starfsleyfi. Starfsleyfi tekur einungis til eldis á senegalflúru.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Engar breytingar. Almennt viðhald. Stækkan áætluð en ekki á næstu 1-2 árum. Dauðifiskur er ekki sóttur af Skinnfisk lengur en tekið af Terra (áður Gámapjónustan) í urðun. Safnað í gám og sótt annan hvern mánuð.
Er inra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Eftirlitsaðili hafði ekki aðgang að öllum skráningum í vettvangsheimsókninni en fékk send gögn og skráningar í kjölfar heimsóknarinnar. Verkferlar og þjálfunarskrár voru í góðu lagi.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?		X		Ekki barst sér ársyfirlit en upplýsingum var skilað í grænu bókhaldi og útstremmisbókhaldi. Bæði grænu bókhaldi og útstremmisbókhaldi var skilað of seint og samlegð þeirra innihélt ekki allar þær skráningar og mælingar sem ársyfirlit skal innihalda. Frekari gögnum og uppfærðu útsteymisbókhaldi var skilað í janúar og febrúar 2020 sem innihélt niðurstöður mælinga og frávikinu telst því lokið.

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

				Eftirlitsaðili vekur athygli á því að þó að heimild sé til staðar í gr. 3.5 að skila ársyfirliti sameiginlega með grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skulu þær skýrslur sem skilað er inn innihalda allar þær skráningar og mælingar sem kveðið er á um í gr. 3.4 og ef um sameiginleg skil skýrslna er að ræða skal eftirlitsaðila gert viðvart um það við skilin. Í ársyfirliti/grænu bókhaldi v. ársins 2019 skulu allar þær skráningar og niðurstöður mælinga koma fram sem vísað er í í gr. 3.4, sérstaklega sbr. gr. 3.1 ef ársyfirliti er ekki skilað sér.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	X			GB var skilað til UST 13. maí 2019. Útstreymisbókhaldi var skilað til UST 21. maí 2019. Uppfærðu útstreymisbókhaldi v. ársins 2018 með niðurstöðum mælinga var svo skilað í janúar 2020.  Frávikunum telst því lokið.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlunar aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Uppfærð áhættumat v. bráðamengunar hafs og stranda og viðbragðsáætlun v. rekstrarstöðvunar voru send eftirlitsaðila í maí 2019.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Í lagi.
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Sjá hér að ofan v. viðbragðsáætlunar v. rekstrarstöðvunar.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Rekstraraðili er með Global Gap og Friend of the Sea vottanir.
Stýring á fóðurgjöf þannig að		X		Fóðurleifar sáust ekki í öllum kerjum, en skv. tölum um magn

## Eftirlit með fiskeldisstöð

### Landeldi

úrgangsmýndun sé í lágmarki?				fóðurs úr grænu bókhaldi er fóðurnýting um 1,25-1,75 á árunum 2016-2018. Skv. útreikningum rekstraraðila í útstreymisbókhaldi er FCR 1.5 fyrir árið 2018 sem er talsvert hærra en það fóðurnýtingarhlutfall sem lagt var upp með í umsókn rekstraraðila, jafnvel þótt tekið sé tillit til fóðurmagns sem fer í fóðrun styrjunnar. Því má ætla frá þessum tölum að talsvert af fóðurleyfum fari í frárennsli.  Skv. upplýsingum frá rekstraraðila þann 20. febrúar og 6. mars sl. hefur verið vandræðagangur á fóðrun senegalfírunnar og ekki hefur tekist að ná markmiði þeirra í fóðurnýtingu sem lagt var upp með við umsókn en fóðurstuðull hefur lækkað með þeim úrbótum sem hafa verið gerðar og rekstraraðili stefnir á að laga fóðrun enn frekar og stefnir á FCR 1,3.	
Er skráning á losun fosfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt?  Mælingar eða útreikningar?  Síðustu mælingar?	X			Skv .starfsleyfi eru losunarmörk fosfórs 20 kg/tonn.  Skv. útstreymisbókhaldi var losun fosfórs 2018 undir mörkum ef miðað er við 388 tonna framleiðslu. Eftirlitsaðili vekur þó athygli á því að þetta er mjög há losun og losunarmörk verða hugsanlega lækkuð við útgáfu næsta leyfis.	
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennsli? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennsli?	X			Gengið var eftir bunustokk Reykjanesvirkjunar niður að útrás frárennslis. Enga uppsöfnun var að sjá í fjöruborðinu né óeðlilega lykt.	
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síun, settjörn, tromlur, oþh.  Leið frárennslis frá keri að viðtaka.	X			Engin hreinsun er á frárennsli. Það rennur í lokuðum lögnum niður að bunustokk HS orku þar sem það sameinast frárennsli HS orku og rennur þaðan út í sjó.  Þar sem fóðurstuðull er talsvert hærri en gert var ráð fyrir við vinnslu leyfis skal rekstraraðili skoða þær aðgerðir sem gripið hefur	

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

				verið til m.t.t. þessa og í samráði við Umhverfisstofnun skoða hvort hrinda þurfi af stað áætlun, sbr. gr. 1.7 í starfsleyfi, er snýr að frekari minnkun mengunar.	
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Stöðin stendur um 150 m frá sjó. Frárennslið rennur tæplega 400 m leið að bunustokk HS Orku og sameinast honum um 25 frá útrás. Mikil vatnsskipti eru við útrásina og þynning mikil því mikið vatn kemur frá virkjunninni.	
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.			X	Engar mælingar eru gerðar á viðtaka.	
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Skv. upplýsingum rekstraraðila sem bárust í janúar 2020 eru afföll á ári 20-30 tonn miðað við núverandi framleiðslu.  HP gámar taka fóðurpoka, Terra. Flokkað timbur, bretti bylgjupappi, lífrænt og almennt frá starfsmönnum, flokkað. Sótt af HP Viðskiptamannayfirlit v. móttöku dauðfisks árin 2018 og 2019 hefur verið sent eftirlitsaðila.	
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?	X			Vakta skal frárennsli og mæla svifagnir og TOC/COD amk á þriggja ára fresti skv. gr. 3.3 í starfsleyfi. Mælt var í frárennsli árið 2014, í lok árs 2016 og eftir að seinasta vettvangsheimsókn fór fram.	
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	X			Mælingar voru gerðar 2018 á vatni við inntak fiskeldis frá Reykjanesvirkjun og úr borholum Stolt Sea Farm. Niðurstöður eru í uppfærðu útstreymisbókhaldi 2018.	
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.	
Næstu áætuðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			Mælingar á inntaksvatni fara fram tvívar á ári og að óbreyttu fara næstu mælingar á frárennsli fram eftir 3 ár.	

## Eftirlit með fiskeldisstöð

### Landeldi

#### Niðurstöður síðasta eftirlits:

Þrjú frávik komu fram í eftirliti 2018. Teikningar af frárennsli, neyðaráætlun og viðbragðsáætlun voru ekki aðgengilegar eftirlitsaðila á staðnum. Engin ábending var gerð í eftirlitinu.

<b>Samantekt:</b>	<p>Stöð sem hefur starfsleyfi til eldis senegalflúru en elur bæði senegalflúru til útflutnings og styrju í tilraunaskyni. Stöðin notast mest við affalsvatn frá Reykjanesvirkjun, heitan kælisjó, sem og kaldan sjó kælingar. Einnig er notað eithvað af öðru köldu vatni til að minnka seltu í eldisvatninu þar sem þörf er á því.</p> <p>2018 var um 390 tonnum af senegalflúru slátrað en fóðurgjöf tæp 600 tonn. Þetta gefur fóðurstuðul um 1,5 sem er talsvert hærra en kom fram í gögnum rekstraraðila þegar sótt var um starfsleyfið. Unnið hefur verið að bætingu á fóðurgjöf en rekstraraðili skal fara yfir þær aðgerðir sem gripið hefur verið til í þeim málum og í samráði við Umhverfisstofnun skoða hvort hrinda þurfi af stað frekari tímasettri áætlun um að draga frekar úr mengun, sbr. gr. 1.7 starfsleyfis. Einnig skal hafa álag á vatnshlot í huga þar sem mengun af starfseminni er meiri en gert var ráð fyrir við gerð starfsleyfisins.</p> <p>Stöðin er snyrtileg og aðbúnaður góður, geymsla spilliefna er góð.</p> <p>Skv. upplýsingum frá rekstraraðila í janúar 2020 er lífmassi styrjunnar sem alin er í stöðinni um 6 tonn, lífmassaaukning styrjanna var um 1,7 tonn á árinu 2019 og áætluð um 1,8 tonn á árinu 2020. Óskað hefur verið eftir breytingu á starfsleyfi þar sem nágildandi leyfi tekur einungis til eldis senegalflúru.</p> <p>Rekstraraðila er bent á bréf Umhverfisstofnunar til Stolt Sea Farm dags. 5. nóv 2019. Þar er rekstaraðila leiðbeint að tilkynna breytingu á starfseminni til Skipulagsstofnunar með þeim hætti að gert sé ráð fyrir þeim sveigjanleika og umfangi sem rekstraraðili telur þörf á til að eldi styrjunnar. Eldri áætlun um eldi 1600 tonna af styrju var ekki metin tilkynningaskyld en þar sem um er að ræða talsvert meiri lífmassa bendir Umhverfisstofnun á það að senda skuli inn matskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar. Breytt starfsleyfi verður ekki gefið út nema ákvörðun liggi fyrir um það hvort þessi breyting sé háð mati á umhverfisáhrifum.</p> <p>Engin hreinsun er á frárennslinu áður en það rennur til sjávar. Þar sem fóðurstuðull er talsvert hærri en gert var ráð fyrir við vinnslu leyfis og fóðurleifar í frárennsli því talsvert meiri en gert var ráð fyrir skal rekstraraðili skoða í samráði við Umhverfisstofnun hvort hrinda þurfi af tímasettri áætlun, sbr. gr. 1.7 í starfsleyfi og umfjöllun hér að ofan, er snýr að minnkun mengunar. Í því samhengi bendir eftirlitsaðili einnig á að skv. gr. 1.3 starfsleyfis skal rekstraraðili nota bestu aðgengilegu teknii (BAT) við mengunarvarnir. Athygli rekstraraðila er einnig vakín á því að losunarmörk fosfórs verða hugsanlega lækkuð við útgáfu næsta starfsleyfis til samræmis við þau starfsleyfi sem stofnunin hefur gefið út nýlega og því mikil þörf á betri fóðurstuðli og/eða betri hreinsun frárennslis.</p> <p>Fjögur frávik komu fram við eftirlitið er varða umfang eldisins, skiladagsetningar græns bókhalds og útstreymisbókhalds, ófullnægjandi ársyfirlit.</p> <p>Fimm ábendingar eru gerðar er varða endurnýtingarmöguleika dauðfisks, fóðurgjöf, val á fóðri og hreinsun á frárennsli, losun frá eldinu, uppfærslu vöktunaráætlunar, sem og nákvæmni mæliaðferða í frárennslismælingum.</p>
-------------------	--

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

<b>Annað:</b>	Í eftirlitinu var kynnt fyrir rekstraraðila hvernig ákvörðun tíðni eftirlita framvegis mun byggja á áhættumati Umhverfisstofnunar skv. reglugerð 550/2018 sem og kynntar breytingar á lögum nr. 7/1998 m.t.t. græns bókhalds/umhverfisupplýsinga. Eftirlitsaðili vekur athygli rekstraraðila á gr. 2.5 í starfsleyfi er varðar vatnsgæði í viðtaka og víesar í skýrslu Hafrannsóknarstofnunar um flokkun strandsjávar í vatnshlot sem gefin var út 2019. Viðtaki eldisins er vatnshlotið 104-1383-C Þorlákshöfn að Höfnum.
---------------	---

*Undirskrift eftirlitsmanns: Hulda S. Jónasdóttir*

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Stolt Sea Farm Holdings Reykjanesi



Dags eftirlits	4.12.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Stolt Sea Farm Holdings	Eftirlitsmaður	
Heimili	Vitabraut 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6109110480	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður Helgi Ólafsson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Juan Perdigones	Staðsetning	N63 49,54 V22 42,56

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komu fram við eftirlitið er varða umfang eldisins, skiladagsetningar græns bókhalds og útstreymisbókhalds og ófullnægjandi ársyfirlit.  
Fimm ábendingar eru gerðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun og vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Nánari útlistun á fráviki frá gr. 3.4:

Heimilt er að skila útsteymisbókhaldi og grænu bókhaldi sbr. gr. 3.5 sameiginlega með ársyfirliti en þó þurfa þar að koma fram allar þær upplýsingar sem krafist er skv. gr. 3.4 sbr. kröfur í 3. og 5. kafla starfsleyfis: M.a. voru upplýsingar um meðhöndlun dauðfisks ekki réttar, fóðurnýting kom ekki fram, niðurstöður mælinga komu ekki fram og losun næringarefna var ekki rétt ákvörðuð. Niðurstöður þeirra mælinga sem gerðar voru á árinu, fóðurnýting og niðurstöður þeirra mælinga sem voru gerðar hafa verið sendar eftirlitsaðila eftir vettvangsheimsóknina.. Rekstraraðila er bent á að ganga úr skugga um að framvegis uppfylli ársyfirlit, hvort sem því er skilað sér eða sameiginlega með öðrum skýrslum, kröfur starfsleyfi.

### Frávik frá

### Lýsing á fráviki

gr. 1.2 í starfsleyfi	Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 2000 tonn á ári af senegalflíru til manneldis og gildir leyfið til eldis á seiðum og áframeldis. Auk senegal flíru elur rekstraraðili styru.
gr. 3.4 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Grænu bókahaldi og útstreymisbókhaldi var skilað eftir 1. maí og samlegð þeirra uppfyllti ekki kröfur gr. 3.4. Sjá nánar undir umfangi eftirlits. Uppfærðum gögnum var skilað og fráviku telst því lokið.
gr. 3.5 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal færa grænt bókhald og skila til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. Grænt bókhald ársins 2018 barst ekki fyrir 1. maí. Rekstraraðili skilaði grænu bókhaldi 13. maí 2019 og fráviku telst því lokið.
gr. 3.5 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal færa útstreymisbókhald og skila til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert vegna undangengins almanaksárs. Útstreymisbókhaldi vegna ársins 2018 var ekki skilað fyrir 1. maí sl. Rekstraraðili skilaði útstreymisbókhaldi 21. maí 2019 og fráviku telst því lokið.

## ÁBENDINGAR

Eftirlitsaðili bendir á að skv. gr. 2.9 skal draga skipulega úr myndun úrgangs. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinsslu ef kostur er. Rekstraraðili hefur hætt að senda dauðfisk í endurnýtingu og hann er nú urðaður þratt fyrir að endurnýtingarmöguleiki sé enn til staðar. Umhverfisstofnun óskar eftir því að leitað verði leiða til að koma dauðfiski í endurnýtingu, þar sem urðun lífræns úrgangs er óæskileg.

Engin hreinsun er á frárennslinu áður en það rennur til sjávar. Fóðurstuðull er talsvert hærri en gert var ráð fyrir við vinsslu leyfis og fóðurleifar í frárennslí því talsvert meiri en gert var ráð fyrir. Unnið hefur verið að bætingu á fóðurgjöf en rekstraraðili skal fara yfir þær aðgerðir sem gripið hefur verið til í þeim málum og í samráði við Umhverfisstofnun skoða hvort hrinda þurfi af stað frekari tímasettri áætlun um að draga frekar úr mengun, sbr. gr. 1.7 starfsleyfis. Í því samhengi bendir eftirlitsaðili einnig á að skv. gr. 1.3 starfsleyfis skal rekstraraðili nota bestu aðgengilegu tækní við mengunarvarnir. Einnig skal hafa álag á vatnshlot í huga þar sem mengun af starfseminni er meiri en gert var ráð fyrir við gerð starfsleyfisins.

Athygli rekstraraðila er einnig vakin á því að losunarmörk fosfórs verða hugsanlega lækkuð við útgáfu næsta starfsleyfis til samræmis við þau starfsleyfi sem stofnunin hefur gefið út nýlega og því mikil þörf á betri fóðurstuðli og/eða betri hreinsun frárennslis þar sem fosförlosun er há, þó hún sé innan marka nágildandi leyfis. Rekstraraðili skal einnig taka til skoðunar að útreikningar vegna losunar verði skýrðir frekar og réttra upplýsinga aflað frá fóðurframleiðanda, sbr. samskipti eftirlitsaðila við fulltrúa rekstraraðila.

Rekstraraðila er einnig bent á að uppfæra vöktunaráætlun, þar sem hún er orðin 4 ára gömul og sýnatoku staðir og tföni á mælingum á.inntaksvatni þarfust uppærslu. Áætlunin skal uppfærð og send inn til Umhverfisstofnunar til yfirlestrar og samþykktar. Uppfærð áætlun barst 2. mars sl. og bíður samþykktar eftirlitsaðila.

Þar sem mikið vatnsrennsli er í gegnum stöðina er mikil þynning á næringarefnum og nákvæmni mæliaðferða því ekki nægjanleg til að sýna nema mjög mikinn mun á inntaksvatni og frárennslí. Rekstraraðila er bent á að skrá vatnsrennsli á sýnatökustað og lífmassa í stöðinni við sýnatoku og láta það fylgja niðurstöðum mælinga, sem og að athuga hvort hægt sé að mæla sýnin með frekari nákvæmni (markverðum tölustófum).

## ANNAÐ


Í eftirlitinu var kynnt fyrir rekstraraðila hvernig ákvörðun tíðni eftirlita framvegis mun byggja á áhættumati Umhverfisstofnunar skv. reglugerð 550/2018 sem og kynntar breytingar á lögum nr. 7/1998 m.t.t. græns bókhalds/umhverfisupplýsinga.

Eftirlitsaðili vill vekja athygli rekstraraðila á gr. 2.5 í starfsleyfi er varðar vatnsgæði í viðtaka og vísar í skýrslu Hafrannsóknarstofnunar um flokkun strandsjávar í vatnshlot sem gefin var út 2019. Viðtaki eldisins er vatnshlotið 104 -1383-C Þorlákshöfn að Höfnum.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 16.03.2020



Hulda Soffía Jónasdóttir